



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um veginn inn á Heiðmerkursvæðið (R20030183).

Á fundi borgarráðs þann 19. mars sl., lagði borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Óskað upplýsinga um hvers vegna veginum inn á Heiðmerkursvæðið hefur verið lokað núna þar sem vegurinn virðist í sæmilegu ástandi og aksturskilyrði nokkuð góð á þröngum vegum á svæðinu. Fjöldi fólks nýtur útivistar þar allan ársins hring og því mikilvægt að gott aðgengi sé að þessari útivistarparadís þannig að nauðsynlegt er að gerðar verði ráðstafanir til að akstursleið um svæðið verðu opnuð á nýjan leik.

Umræddur vegur liggur um grann- og öryggissvæði vatnsverndar og mjög nærri brunnsvæðum eins og þau eru skilgreind í samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2019, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, með síðari breytingum.

Jarðlög í Heiðmörk eru gljúp vegna hrauns, stutt er niður á grunnvatn og því er svæðið viðkvæmt með tilliti til þess að mengun berist í grunnvatnið og spilli neysluvatninu. Hvers konar akstur innan svæðisins getur ógnað öryggi vatnsverndar. Því er mikil vægt að allir umgangist svæðið af virðingu og fylgi þeim reglum sem um það gilda.

Ákvarðanir um lokun svæðisins eru teknar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, í samráði við skrifstofu rekstrar og umhirðu og framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu mælast gegn því að fólk aki um vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í erfiðum vetrarskilyrðum. Vegirnir eru mjög varasamir, hálsa getur myndast snögglega og þar er engin vetrarþjónusta. Ítrekuð óhöpp hafa orðið á þessu viðkvæma svæði en olú- og efnamengun frá bílum er talin ein aðalógnin við öryggi vatnsbóla.

Sú ákvörðun um lokun vegarins sem vísað er til í fyrirspurn, var tekin um miðjan febrúar um vegna þriggja umferðaróhappa sem orðið höfðu með skömmu millibili.

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Þorsteinn R. Hermannsson', written in a cursive style.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri